

Nd.

357. Frumvarp til laga

[167. mál]

um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10 22. mars 1960, með áorðnum breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal, Einar Kr. Guðfinnsson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

1. gr.

Á eftir lið 9 í 7. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

10. Aðgangseyrir að leiksýningum, tónleikum og sýningum á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sá söluskattur af aðgangseyri að leiksýningum, tónleikum og sýningum á íslenskum kvikmyndum, sem gjaldfallinn er á þessu ári, skal falla niður og endurgreiðast að þeim hluta, sem hann hefur verið inntur af hendi.

G r e i n a r g e r ð .

Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, skiðalyftum, kappreiðum og góðhestakeppni hefur verið undanþeginn söluskatti. Hinn 15. nóvember s. l. var sú breyting gerð á reglugerð um söluskatt, að aðgangseyrir að leiksýningum áhugafélaga skyldi undanþeginn söluskatti, enda yrðu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

„a) Enginn af þeim, sem að leiksýningum áhugafélaga starfar, annar en leikstjóri, þiggi laun fyrir starfið.

b) Leiksýningin sé ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- eða samkomuhald.“

Augljóst er, að mismunur af þessu tagi fylgja margvíslegir vankantar auk þess sem hún býður heim þeirri hættu, að áhugafólki um leiklistarstarfsemi verði gert nær ókleift að ráðast í stórvirki, svo sem flutning á mestu leikhúsvörkum með gestaleik frá atvinnuleikhúsunum. Auk þess leggur sumt áhugafólk svo hart að sér í sambandi við leikstarfsemi úti á landi, að nokkur umbun hlýtur að teljast eðlileg og sjálfsögð og getur jafnvel verið forsenda þess, að leikrit verði fært upp.

Atvinnuleikhúsin og Sinfóníuhljómsveit Íslands eiga við stöðuga fjárhagsörðugleika að stríða. Sömu leiðis frjáls tónlistarstarfsemi.

Á þessu ári er áætlað, að Leikfélag Reykjavíkur greiði 42—48 millj. kr. í söluskatt, en ríkisstyrkurinn til þess er 32 millj. kr. Af þessu sést, að hér er um lítilræði að tefla í tekjuöflun ríkissjóðs, en getur skipt sköpum í sambandi við jákvæða þróun leiklistarstarfsemi, tónleikahalds og kvikmyndagerðar.